



Alþingi  
Erindi nr. P 131/165  
komudagur 23.11.2004

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 22. nóvember 2004

**Efni: Umsögn Samskipa hf. um tillögu til þingsályktunar um strandsiglingar, flutta á 131. löggjafarþingi (161.mál).**

Vísað er til bréfs samgöngunefndar Alþingis frá 4. nóvember sl. þar sem Samskipum hf. var gefinn kostur að að veita umsögn um ofangreinda þingsályktunartillögu.


Félagið hefur kynnt sér efni þingsályktunartillögunnar og jafnframt efni þeirrar tillögu til þingsályktunar sem flutt var á 128. löggjafarþingi og vísað er til í greinargerð með þeirri tillögu sem nú liggur fyrir.

Það er skemmst frá því að segja að það er mat félagsins að efni tillögunnar gangi mun lengra en félagið telur raunhæft og heppilegt, þegar tekið er mið af því hvernig flutningamarkaður á Íslandi hefur þróast undanfarin ár. Telur félagið að slíkt inngríp í eðlilega samkeppni á tilteknu markaðssviði þurfi að íhuga gaumgæfilega. Tillaga sú sem liggur fyrir gengur hins vegar út frá því sem gefinni staðreynd að æskilegt og eðlilegt sé að byggja upp sjóflutninga og kveður á um skyldu ráðherra til að hefja slíka uppbyggingu. Samskip hf. telja hins vegar, vilji menn á annað borð skoða hugmyndir í þessa veru, að nær sé að fara þá leið sem hugað var að í hinni eldri tillögu, sem gerði ráð fyrir skipun nefndar sem hefði það hlutverk að kanna þróun, stöðu og æskilega framtíðarhlutdeild strandsiglinga í vöruflutninga- og samgöngukerfi landsins. Félagið vill hins vegar taka skýrt fram að það telur hugmyndir þessar ekki skynsamlegar og er fullvisst um að gaumgæfileg skoðun markaðarins myndi leiða það í ljós að ríkisstyrkir á þessu sviði næðu ekki þeim markmiðum sem tillöguhöfundar virðast stefna að.

Minnt er á að Samskip hf. og fleiri aðilar stunduðu strandsiglingar um langt árabíl. Ekki reyndist rekstrargrundvöllur fyrir þeim flutningum og hefur félagið nú ekkert skip í siglingum, en flytur vörur eingöngu með flutningabifreiðum. Að baki þessara breytinga á rekstri félagsins lágu veigamiklar viðskiptalegar forsendur og getur félagið ekki séð hvernig ríkisvaldið gæti tryggt rekstrarforsendur slíkra flutninga nema til kæmu verulegir ríkisstyrkir. Telur félagið að slíkt fyrirkomulag væri fjarri því að samræmast nútíma hugmyndum um frjálsa samkeppni og væri afdrifaríkt skref afturábak í þeirri þróun sem átt hefur sér stað á undanförunum árum.

Félagið leggst því alfarið gegn tillögunni eins og hún er sett fram. Að svo stöddu hafa Samskip hf. ekki frekari athugasemdir fram að færa en áskilinn er réttur til að hafa ítarlegri athugasemdir upp síðar, kæmi til lagasetningar á grundvelli þeirra hugmynda sem kynntar eru í tillögunni.

Virðingarfyllt  
f. h. Samskipa hf.

  
Halldór Björnsson hdl.